

Miðvikudaginn 22. apríl 1942.

Nr. 91/1941. P. Smith & Co.

gegn

Kára Kárasyni og Tryggingarstofnun ríkisins
og

Kári Kárasyn

gegn

P. Smith & Co.

Öflun framhaldsskýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt að leggja fyrir héraðsdómarann samkvæmt analógiu 120. gr. laga nr. 85/1936 að leita, svo fremi annar hvor aðili óskar þess, þeirra skýrslna, er nú skal greina:

1. Taka aðiljaskýrslu af fyrirsvarsmanni firmans P. Smith & Co. um það, hvort hann hafi gefið fyrirmæli um notkun segls þess. er í málinu getur, og ákveðið starfsmannafjölda við uppskipun á þilfari og hvaða reglur hann hafi sett verkstjóra sínum um vinnubrögðin.
2. Krefja Kára og þá, sem unnu með honum í lestinni, sagna um það, hver hafi lagt fyrir þá að nota seglið og hvort þeir hafi fengið fyrirmæli um notkun þess, sérstaklega um tilhögun banda á því, hversu margir strangar skyldu hverju sinni í það látnir og hvernig þeim skyldi þar fyrir komið. Svo skulu þeir og inntir eftir því, hvort tilhögun uppskipunarinnar hafi verið nægilega trygg að þeirra dómi og hvort þeir hafi gert nokkrar athugasemdir um hana.
3. Afla álits kunnáttumanna um öryggi greindrar uppskipunar.

Því úrskurðast:

Héraðsdómarinn skal veita aðiljum kost á öflun framan greindra gagna